


# Þjónustukönnun Suðurnes



## Þjónustukönnun Suðurnes



Byggðastofnun 2018

Titill: Þjónustukönnun Suðurnes

Framkvæmd þjónustukönnunar: Gallup

Höfundur skýrslu: Sigríður Elín Þórðardóttir

**Efnisyfirlit**

Inngangur .....	6
Framkvæmdalýsing .....	6
Tölfræðileg úrvinnsla .....	7
Um notkun hugtaka .....	8
Helstu niðurstöður .....	8
Suðurnes.....	9
Búsetusvæði .....	9
Pátttaka .....	9
Menntun.....	10
Vinnumarkaður.....	11
Atvinnugreinaskipting .....	12
Atvinnusókn.....	13
Námsmenn .....	14
Þjónustusókn á Suðurnesjum .....	15
Heilbrigðisþjónusta.....	17
Reykjanesbær .....	19
Grindavíkurbær .....	25
Sandgerðisbær .....	31
Sveitarfélagið Garður .....	36
Sveitarfélagið Vogar .....	41

## Töflur og myndir

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall þátttakenda af íbúafjölda eftir búsetusvæðum.....	9
Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir stöðu á vinnumarkaði.....	11

Mynd 1. Búsetsvæði á Suðurnesjum.....	9
Mynd 2. Hæsta menntun þátttakenda eftir kyni.....	10
Mynd 3. Hæsta menntun þátttakenda eftir búsetusvæðum.....	10
Mynd 4. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni.....	11
Mynd 5. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum.....	12
Mynd 6. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum og kyni.....	12
Mynd 7. Staðsetning vinnustaða svarenda sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn.....	13
Mynd 8. Hlutfall svarenda sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn eftir búsetu þeirra.....	13
Mynd 9. Hlutfall karla og kvenna sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn.....	14
Mynd 10. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ferðamáta til og frá vinnu.....	14
Mynd 11. Hlutfallsleg skipting námsmanna sem sóttu skóla út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn eftir staðsetningu skóla.....	14
Mynd 12. Þjónustusókn svarenda á Suðurnesjum.....	15
Mynd 13. Þjónustueinkunn svarenda á Suðurnesjum.....	15
Mynd 14. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir kyni og aldurshópum.....	16
Mynd 15. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir fjölskyldugerð.....	16
Mynd 16. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir menntun.....	16

Mynd 17. Heilbrigðisþjónustusókn svarenda eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	18
Mynd 18. Heilbrigðisþjónusta sem svarendur nefndu oftast er mest áberandi í orðaskýinu.....	18
Mynd 19. Þjónustusókn svarenda í Reykjanesbæ.....	19
Mynd 20. Þjónustueinkunn svarenda í Reykjanesbæ.....	19
Mynd 21. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	20
Mynd 22. Hlutfallsleg skipting svarenda sem sóttu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	21
Mynd 23. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	22
Mynd 24. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	23
Mynd 25. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	24
Mynd 26. Þjónustusókn svarenda í Grindavíkurbæ.....	25
Mynd 27. Þjónustueinkunn svarenda í Grindavíkurbæ.....	25
Mynd 28. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	26
Mynd 29. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	27
Mynd 30. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	28
Mynd 31. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	29
Mynd 32. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	30
Mynd 33. Þjónustusókn svarenda í Sandgerðisbæ.....	31

Mynd 34. Þjónustueinkunn svarenda í Sandgerðisbæ.....	31
Mynd 35. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	32
Mynd 36. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	33
Mynd 37. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	33
Mynd 38. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	34
Mynd 39. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	35
Mynd 40. Þjónustusókn svarenda í Sveitarfélaginu Garði.....	36
Mynd 41. Þjónustueinkunn svarenda í Sveitarfélaginu Garði.....	36
Mynd 42. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	37
Mynd 43. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	38
Mynd 44. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	38
Mynd 45. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	39
Mynd 46. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og nýttu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	40
Mynd 47. Þjónustusókn svarenda í Sveitarfélaginu vogi.....	41
Mynd 48. Þjónustueinkunn svarenda í Sveitarfélaginu Vogu.....	41
Mynd 49. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	42
Mynd 50. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	43

Mynd 51. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	43
Mynd 52. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	44
Mynd 53. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	45
Mynd 54. Þjónusta sem oftast er nefnd er mest áberandi í orðaskýinu.....	46
Mynd 55. Hlutfallsleg skipting svarenda sem voru með Costco aðildarkort og þeirra sem voru ekki með aðildarkort.....	46

## Inngangur

Samkvæmt Byggðaáætlun 2014-2017 á að meta aðgengi íbúa að þjónustu og setja fram tillögur til úrbóta. Ákveðið var að skoða fyrst þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra og nota þá könnun sem fyrirmynd fyrir verklag við sambærilegar kannanir í öðrum landshlutum. Þjónustukönnun var framkvæmd á Norðurlandi vestra haustið 2015 og niðurstöður birtar og kynntar í apríl 2016.

## Framkvæmdalýsing

Undirbúningur að framkvæmd þjónustukannana á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum hófst haustið 2016 í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Könnunin fór fram í júní-október 2017 og sá Gallup um þá vinnu. Tekið var lagskipt slembiúrtak úr viðhorfahópi Gallup og Þjóðskrár, skipt eftir póst-eða sveitarfélagsnúmerum. Þessi úrtaksaðferð er algeng þar sem þýðið er mjög lítið í nokkrum laganna, búsetusvæði í þessu tilviki. Til að auka alhæfingargildi niðurstaðna fyrir það svæði er fleiri svörum safnað á fámennum búsetusvæðum en myndu safnast ef tekið er einfalt tilviljunarúrtak úr landshlutanum öllum. Um var að ræða blandaða net- og símakönnun. Þátttakendur í viðhorfahópi fengu senda vefslóð í tölvupósti sem vísaði í könnunina. Samhliða hringdu spyrjar Gallup í þjóðskrárhlyta úrtaksins og buðu þátttakendum að svara könnuninni á netinu eða í síma. Þrjár áminningar voru sendar til þátttakenda í tölvupósti.

Í könnuninni var leitað svara við því hvert og hversu oft íbúar sækja margvíslega þjónustu. Lögð var áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi eftir búsetusvæðum. Spurt var um tíðni notkunar á þjónustu sem notuð er oft (mánaðarlega) og þeirri sem notuð er sjaldnar (árlega). Hverjum landshluta var skipt upp í búsetusvæði í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Hér er litið svo á að þjónustusókn íbúa innan hvers búsetusvæðis sé í meginatriðum lík en að þjónustusókn geti verið ólík eftir búsetusvæðum innan hvers landshluta. Í þeim tilgangi að kanna þjónustusókn innan landshlutanna var Suðurnesjum skipt upp í fimm búsetusvæði, Vesturlandi í fimm, Vestfjörðum í fjögur, Norðurlandi eystra í átta, Austurlandi í fimm og Suðurlandi í átta búsetusvæði, samtals 35 búsetusvæði.

Úrtakið var 21.350 manns á aldrinum 18-80 ára með lögheimili í janúar 2017 á Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Alls tóku 8.859 íbúar þátt í könnuninni eða 10,6% íbúa af heildaríbúafjölda í landshlutunum þann 1. janúar 2017, en hlutfallið er 10,1% af íbúafjölda 1. janúar 2018.

	Úrtak úr þýði 18-80 ára	Svarhlutfall	Fjöldi þátttakenda í könnuninni 18-80 ára	Fjöldi íbúa 18-180 ára 2017	Fjöldi íbúa 18-80 ára 2018	Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2017	Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2018
Suðurnes	3500	34%	1169	17423	19011	6,7%	6,1%
Vesturland	2850	46%	1385	11455	11800	12,1%	11,7%
Vestfirðir	1650	48%	776	5032	5179	15,4%	15,0%
Norðurland eystra	5100	41%	2079	21579	22294	9,6%	9,3%
Austurland	2150	49%	1051	7489	7622	14,0%	13,8%
Suðurland	6100	39%	2399	20328	21382	11,8%	11,2%
<b>Samtals</b>	<b>21350</b>		<b>8859</b>	<b>83306</b>	<b>87288</b>	<b>10,6%</b>	<b>10,1%</b>


Svarhlutfall var mismunandi eftir landshlutum og búsetusvæðum en nánari greining á fjölda þátttakenda eftir búsetusvæðum er í umfjöllun um hvern landshluta fyrir sig.

### Tölfræðileg úrvinnsla

Þar sem úrtakið í hverjum landshluta var ekki hlutfallslega rétt lagskipt eftir búsetusvæðum voru gögnin vigtuð í úrvinnslu til samræmis við íbúafjölda á búsetusvæðum sem voru til skoðunar. Auk þess tók vigtun mið af kyn- og aldurskiptingu á hverju búsetusvæði fyrir sig. Veginn fjöldi svara er fjöldi svara eftir vigtun, þar sem svör þeirra sem búa á svæðunum fá vægi til samræmis við íbúafjölda á svæðinu. Þetta er gert til að heildarniðurstöður fyrir landshluta sé í samræmi við íbúafjölda eftir búsetusvæðum í landshlutanum. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS (Statistical Package for Social Science) og sá Gallup um þá vinnu.

Umfjöllunin byggir fyrst og fremst á greiningu svara eftir búsetusvæðum og þjónustusókn. Bakgrunnur þátttakenda er greindur eftir kyni, menntun, stöðu á vinnumarkaði, atvinnugreinum og atvinnusókn fyrir hvern landshluta fyrir sig. Hér verður ekki fjallað um hvort þjónustusókn þátttakenda eftir bakgrunni sé mismunandi eða ekki, það er engu að síður afar áhugavert að skoða það nánar.

Niðurstöður eru settar fram í myndum eftir því sem við á sem sýna svarhlutföll einstakra spurninga eftir staðsetningu þjónustuaðila.



Radarmyndir eru m.a. notaðar til þess að varpa ljósi á hvert algeng þjónusta var sótt. Bláa línan sýnir hlutfall þátttakenda sem sóttu tiltekna þjónustu til þjónustuaðila í Reykjanesbæ, appelsínugula línan er viðbót við bláu línuna, gráa línan er viðbót við bláu og/eða appelsínugulu línuna. Radarmyndin hér að ofan sýnir m.a. að um 85% þátttakenda fóru síðast í sund á Suðurnesjum þar af fóru um 76% í sund í Reykjanesbæ en um 9% annars staðar á Suðurnesjum, enginn fór í sund á höfuðborgarsvæðinu (grá lína) en um 15% þátttakenda fóru síðast á skyndibitastað á höfuðborgarsvæðinu, sem bilið á milli bláu línunnar og þeirrar gráu sýnir. Allir þátttakendur sem fóru á almenningsbókasafn sóttu þjónustuna til Reykjanesbæjar.

Brottfallið var yfirleitt á bilinu 5-15% í spurningunum, við úrvinnslu var litið svo á að þeir sem svöruðu ekki höfðu ekki nýtt þjónustuna.

## Um notkun hugtaka

**Dagvöruverslun:** Verslun sem selur dagvörur, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir aðrar dagvöruverslanir en Bónus, Krónuna og Nettó.

**Lágvöruverðsverslun:** Verslun sem selur dagvörur á lágu verði, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir Bónus, Krónuna og Nettó.

**Landfræðilegur markaður:** Stærð landfræðilegs markaðs veltur m.a. að því að hvaða marki þörf er talin á því að kaupandinn sé í nálægð við þjónustuaðilana. Sérstaklega skiptir máli hver yrði tíma- og ferðakostnaður neytandans við að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Oft er miðað við að dagvöruverslanir geti að öðru jöfnuðu náð til sín viðskiptavinum sem ekki þurfi að leggja á sig lengri en 20 mínútna akstur í viðkomandi verslun, eða um það bil 20 km fjarlægð frá verslun. Þessi viðmið verður þó að skoða með teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni og á hverju búsetsvæði fyrir sig.

**Þjónustusókn:** Þjónustusókn endurspeglar aðeins þá þjónustuþætti sem spurt var um í könnuninni. Í umfjöllunum og í myndum um þjónustusókn íbúa eftir landshlutum og búsetusvæðum er eingöngu tekið tillit til hvert íbúar sóttu þjónustuna síðast, ekki er tekið tillit til hversu oft þeir sóttu þjónustuna. Suma þjónustu sækja íbúar oft en aðra sjaldan. Tekið var meðaltal allra þjónustuþátta sem spurt var um

sem gefur góða mynd af því hvert íbúar sóttu þá þjónustu sem þeir voru spurðir um.

**Höfuðborgarsvæðið:** Samheiti yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ.

## Helstu niðurstöður

Þjónustusókn á Suðurnesjum var mismunandi eftir búsetusvæðum að því leyti að þátttakendur sem búsettir voru í Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Garði og Sandgerðisbæ sóttu hlutfallslega mun minni þjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu, en þátttakendur í Vogum og Grindavíkurbæ.

Þátttakendur í Sveitarfélaginu Garði, Sandgerðisbæ og Vogum sóttu um 90%-92% þjónustunnar út fyrir sitt búsetusvæði en þátttakendur í Grindavíkurbæ sóttu um 59% þjónustunnar og þátttakendur í Reykjanesbæ sóttu um 33% þjónustunnar út fyrir sitt búsetusvæði.

Þátttakendur í Grindavíkurbæ sóttu um 14% þjónustunnar til Reykjanesbæjar en þátttakendur í Sveitarfélaginu Garði og Sandgerðisbæ um 54-57% og þátttakendur í Vogum sóttu um 31% þjónustunnar til þjónustuaðila í Reykjanesbæ.

Þátttakendur búsettir í Grindavíkurbæ voru líklegri en þátttakendur frá öðrum búsetusvæðum á Suðurnesjum til þess að gefa þjónustunni í sínu sveitarfélagi ágætiseinkunn.



# Suðurnes

## Búsetusvæði

Þjónustusókn íbúa á Suðurnesjum var greind eftir fimm búsetusvæðum; þau eru: Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar (mynd 1.)



Þann 1. janúar 2017 voru 17.423 íbúar á aldrinum 18-80 ára á Suðurnesjum, konur voru 8.215 og karlar 9.172.

## Þátttaka

Alls tóku 1.169 manns þátt í könnuninni eða 6,7% íbúa á aldrinum 18-80 ára (tafla 1.). Kynjahlutfallið var nokkuð jafnt eða 52% konur og 48% karlar. Um 3.500 manns á Suðurnesjum var boðið að taka þátt í könnuninni, svarhlutfall var 34,2%.

TAFLA 1. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA AF ÍBÚAFJÖLDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.


Búsetusvæði	Fjöldi þátttakenda 18-80 ára	Hlutfall þátttakenda af íbúafjölda 18-80 ára
Reykjanesbær	399	3,3%
Grindavíkurbær	285	12,5%
Sandgerðisbær	175	14%
Sveitarfélagið Garður	150	13,6%
Sveitarfélagið Vogar	160	18,6%
<b>Heildarfjöldi þátttakenda</b>	<b>1169</b>	
<b>Heildarfjöldi íbúa 18-80 ára</b>	<b>17.423</b>	<b>6,7%</b>



MYND 1. BÚSETSVÆÐI Á SUÐURNESJUM.


## Menntun

Niðurstöður um menntun þátttakenda byggja á svörum frá 494 konum og 527 körlum. Spurt var: Hver er hæsta menntun sem þú hefur lokið?



MYND 2. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR KYNI.

Flestir karlar voru með framhaldsskólapróf en flestar konur með háskólapróf. Um 34% kvenna höfðu lokið framhaldsskólaprófi og um 44% háskólaprófi. Helmingur karla eða 50% voru með framhaldsskólapróf sem hæstu menntun og 30% karla voru með háskólapróf (mynd 2).



MYND 3. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.

Á öllum búsetusvæðunum nema í Reykjanesbæ höfðu hlutfallslega flestir lokið framhaldsskólaprófi en í Reykjanesbæ var algengast að svarendur hefðu lokið háskólaprófi (mynd 3).


## Vinumarkaður

Allir þátttakendur alls 1.169 manns voru spurðir um stöðu sína á vinnumarkaði. Svarhlutfall var um 89% (tafla 2).

Hér er litið svo á virkir á vinnumarkaði eru þeir sem eru í fullu starfi og hlutastarfi sem launþegar, atvinnurekendur, einyrkjar og sjálfstætt starfandi og þeir sem eru í vinnu og námi. Af 1.038 manns voru 806 virkir á vinnumarkaði eða 78% þátttakenda.

TAFLA 2. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI.

Staða á vinnumarkaði	Fjöldi	Hlutfall
Í fullu starfi sem launþegi	594	57,3%
Öryrki/ellilífeyrisþegi	179	17,2%
Atvinnurekandi/einyrki/sjálfstætt starfandi	73	7%
Í hlutastarfi sem launþegi	85	8,2%
Í vinnu og námi	53	5,1%
Í námi	20	1,9%
Í leyfi/fæðingarorlofi	21	2,1%
Í atvinnuleit eða milli starfa	7	0,6%
Heimavinnandi	6	0,5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1.038</b>	<b>100,0%</b>
<b>Tóku afstöðu</b>	<b>1.038</b>	<b>88,8%</b>
Tóku ekki afstöðu	131	11,2%
<b>Heildarfjöldi þátttakenda</b>	<b>1.169</b>	<b>100,0%</b>



MYND 4. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI OG KYNI.

Hlutfallslega voru fleiri karlar í fullu starfi en konur, eða 66% á móti 48% kvenna en hlutfallslega fleiri konur voru í hlutastarfi en karlar, 12% á móti 4%. Hlutfallslega fleiri konur voru öryrkjar og/eða ellilífeyrisþegar en karlar, eða 21% kvenna en 14% karla (mynd 4).

## Atvinnugreinaskipting




MYND 5. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM.

Alls svöruðu 755 þátttakendur í hvaða atvinnugrein þeir störfuðu. Flestir störfuðu við fræðslustarfsemi og næstflestir við flutninga og geymslu (mynd 5).

Atvinnugreinaflokkun eftir kyni er háð annmörkum þar sem hlutfallslega fáir starfa í mörgum atvinnugreinum. Í atvinnugreinum

þar sem hlutfallslegur fjöldi er undir 6% eru gögnin ekki greind eftir kyni.




MYND 6. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM OG KYNI.

Hlutfallslega störfuðu flestar konur eða 23% við fræðslustarfsemi, 16% á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu og 9% við opinbera stjórnsýslu og almannatryggingar og sama hlutfall við leigustarfsemi og sérhæfða þjónustu. Hlutfallslega störfuðu flestir karlar eða 14% við flutninga og geymslu, 12% starfaði við verslun og viðgerðir ökutækja og sama hlutfall við sérfræðileg, tæknileg og vísindastarfsemi (mynd 6).

## Atvinnusókn


Þeir sem voru á vinnumarkaði voru spurðir hvort þeir sækja vinnu út fyrir þéttbýlið þar sem þeir búa.

Alls fengu 806 þátttakendur spurninguna, svarhlutfall var 98%.



**MYND 7. STAÐSETNING VINNUSTAÐA SVARENDA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN.**

Af þeim sem svöruðu spurningunni sóttu 41% þátttakenda vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þeir bjuggu. Flestir voru í vinnu á höfuðborgarsvæðinu eða 45% (mynd 7).



**MYND 8. HLUTFALL SVARENDA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN EFTIR BÚSETU ÞEIRRA.**


Þrír af hverjum fjórum svarendum sem búsettir voru í Sveitarfélaginu Vogu sóttu vinnu út fyrir sveitarfélagið (mynd 8). Í Reykjanesbæ sóttu hlutfallslega færstir vinnu út fyrir þéttbýlið.



**MYND 9. HLUTFALL KARLA OG KVENNA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN.**

Hlutfallslega sóttu fleiri karlar en konur vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn, eða 48% karla á móti 31% kvenna (mynd 9).

Allir sem voru í vinnu voru spurðir hvernig þeir ferðast til og frá vinnu. Alls fengu 806 þátttakendur spurninguna, 790 tóku afstöðu eða 98%.




**MYND 10. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ VINNU.**

Meirihluti ferðaðist í einkabíl eða 75%, 13% fóru í bíl eða rútu á vegum vinnuveitanda, 7% gangandi og um 3% hjólandi (mynd 10).

## Námsmenn


Þeir sem voru í námi voru spurðir hvort þeir sækja skóla út fyrir þéttbýlið þar sem þeir búa, um 80% svaraði játandi.



**MYND 11. HLUTFALLSLEG SKIPTING NÁMSMANNA SEM SÓTTU SKÓLA ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN EFTIR STAÐSETNINGU SKÓLA.**

Meirihluti var í skóla á höfuðborgarsvæðinu eða rúm 81% (mynd 11). Þeir sem voru í námi voru spurðir hvernig þeir ferðast til skóla. Afgerandi meirihluti nemenda ferðaðist með einkabíl eða 90%, 6% fóru gangandi og 4% með almenningssamgöngum.

## Þjónustusókn á Suðurnesjum




MYND 12. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á SUÐURNESJUM.

Í heildina var rúmlega 57% þjónustunnar sótt til fyrirtækja og stofnana í Reykjanesbæ, um 28% var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og tæp 6% til Grindavíkur (mynd 12).

Reykjanesbær er þjónustusóknarsvæði íbúa sem búsettir eru í Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði. Höfuðborgarsvæðið er þjónustusóknarsvæði íbúa í Vogum. Þjónustusóknarsvæði íbúa í Grindavíkurbæ er Grindavík og höfuðborgarsvæðið.


## Þjónustueinkunn



MYND 13. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á SUÐURNESJUM.


Um 38% svarenda á Suðurnesjum gáfu þjónustunni ágætiseinkunn, en flestir gáfu þjónustunni sæmilega einkunn eða 49% (mynd 13).

## Þjónustukönnun Suðurnes




**MYND 14. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR KYNI OG ALDURSHÓPUM.**

Ekki kom fram kynjamunur á því hvaða einkunn karlar og konur gáfu þjónustunni en elsti aldurshópurinn var líklegastur til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn (mynd 14).



**MYND 15. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FJÖLSKYLDUGERÐ.**

Þátttakendur með eitt til tvö börn á heimilinu og þátttakendur sem bjuggu einir voru líklegri til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn en þátttakendur með þrjú eða fleiri börn á heimilinu og þátttakendur sem bjuggu með öðrum fullorðnum en án barna yngri en 18 ára á heimilinu (mynd 15).



**MYND 16. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR MENNTUN.**

Þátttakendur sem voru með háskólapróf og grunnskólapróf sem hæstu menntun voru líklegri til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn en þeir sem voru með framhaldsskólapróf sem hæstu menntun (mynd 16).



## Heilbrigðisþjónusta

Í spurningum um heilbrigðisþjónustu tóku um 93% þátttakenda afstöðu.

### Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna og kynjahlutfall notenda:

- 69% fóru á heilsugæsluna og/eða til heimilislæknis – karlar voru 48% notenda og konur 52%
- 43% fóru til sérfræðilæknis – karlar voru 44% notenda og konur 56%
- 59% fóru tannlæknis – karlar voru 48% notenda og konur 52%.
- 15% fóru til sjúkráþjálfara – karlar voru 45% notenda og konur 55%.
- 13% fóru til sérfræðiráðgjafa (s.s. sálfræðinga, félagsráðgjafa) karlar voru 44% notenda og konur 56%.

### Tíðni notkunar

Spurt var hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi heilbrigðisþjónustu?

Þjónusta heilsugæslu/heimilislækna í Reykjanesbæ var nýtt að meðaltali í 4,4 skipti, í 4,2 skipti á höfuðborgarsvæðinu og í 3 skipti í Grindavík. Öryrkjar og ellilífeyrisþegar fóru að meðaltali 6 sinnum.


Þátttakendur sem nýttu þjónustu sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu fóru að meðaltali 3,7 sinnum, en 2,3 sinnum til sérfræðilækna í Reykjanesbæ. Konurnar fóru tvisvar sinnum oftar en karlar til sérfræðilækna.

Flestir sem nýttu þjónustu tannlækna höfðu farið tvisvar sinnum á síðastliðnum 12 mánuðum.

Þeir sem fóru til sjúkráþjálfara á höfuðborgarsvæðinu fóru að meðaltali í 21 skipti á tólf mánaða tímabili og þeir sem nýttu þjónustuna í Grindavík nýttu hana að meðaltali 10 sinnum. Konur nýttu þjónustuna tvisvar sinnum oftar en karlar.

Þátttakendur sem nýttu þjónustu sérfræðiráðgjafa fóru að meðaltali í 6,3 skipti til ráðgjafa í Reykjanesbæ en í 6,8 skipti til ráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu.

## Þjónustukönnun Suðurnes



MYND 17. HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi meirihluti nýtti þjónustu heilsugæslunnar í Reykjanesbæ eða 75%, um 14% nýttu heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og 9% í Grindavík. Flestir fóru til sérfræðilækna og sérfræðiráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu (mynd 17).

Meirihluti svarenda notaði þjónustu heilsugæslu/heimilislækna í sínu nærsamfélagi, en um 43% svarenda í Vogum notaði þjónustuna á höfuðborgarsvæðinu. Afgerandi meirihluti fór til sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu. Á bilinu 24-27% svarenda í Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði sóttu tannlæknaþjónustu til höfuðborgarsvæðisins en 72% svarenda í Vogum.




MYND 18. HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA SEM SVARENDUR NEFNDU OFTAST ER MEST ÁBERANDI Í ORÐASKÝINU.

Orðaskýið er unnið úr opnum svörum um heilbrigðisþjónustu sem þátttakendur sóttu út fyrir búsetusvæði sitt og ekki var spurt um í könnuninni. Flestir nefndu augnlækni en einnig nefndu margir tannréttingar og háls- nef og eyrnalækni (mynd 18). Flestir sóttu þjónustuna til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu.

## Reykjanesbær

1. janúar 2017 voru 11.491 íbúi í Reykjanesbæ á aldrinum 18-80 ára þar af voru 5.624 konur og 6.317 karlar. Alls tóku 399 íbúar á búsetusvæðinu þátt í könnuninni eða um 3,3% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


### Þjónustusókn



MYND 19. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í REYKJANESBÆ.

Þátttakendur búsettir í Reykjanesbæ sóttu rúmlega 67% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Reykjanesbæ og um 25% þjónustunnar var sótt til höfuðborgarsvæðisins (mynd 19.)

### Þjónustueinkunn



MYND 20. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í REYKJANESBÆ.

Um 39% svarenda gáfu þjónustunni ágættiseinkunn en hlutfallslega gáfu flestir þjónustunni í Reykjanesbæ sæmilega einkunn eða 51% (mynd 20).

## Algeng þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:


- 90% fóru í lágvöruverðsverslun
- 65% fóru í dagvörverslun
- 75% fóru í apótek
- 58% fóru í bakarí
- 51% fóru í vínbúð
- 25% fóru á almenningsbókasafn
- 27% fóru í líkamsrækt
- 34% fóru í sund
- 69% fóru á skyndibitastað
- 83% tóku eldsneyti.

## Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu? Þeir sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana fóru að meðaltali í:

- 9 skipti í lágvöruverðsverslun
- 5 skipti í dagvörverslun
- 2 skipti í apótek
- 2,4 skipti í bakarí
- 2,2 skipti í vínbúð

- 2,2 skipti á almenningsbókasafn
- 12,2 skipti í líkamsrækt
- 4,8 skipti í sund
- 3,9 skipti á skyndibitastað
- og tóku eldsneyti í 3 skipti.



MYND 21. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Þátttakendur sóttu nær alfarið þjónustuna sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana í Reykjanesbæ. Jafnframt leiddi þjónustukönnunin í ljós að um 20% þátttakenda fóru í

dagvöruverslun, á skyndibitastað og tóku eldsneyti hjá þjónustuaðilum á höfuðborgarsvæðinu (mynd 21).

## Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 14% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 73% fóru á pósthús
- 42% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til þjónustuaðila í Reykjanesbæ nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 7,2 skipti
- pósthjónustu í 8,7 skipti
- þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 3,2 skipti.



MYND 22. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM SÓTTU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir sóttu opinbera þjónustu til þjónustuaðila í Reykjanesbæ. Um 40% þátttakenda nýttu síðast þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu (mynd 22).

## Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 8% notuðu lögfræðiþjónustu
- 17% notuðu þjónustu bókhalds-og endurskoðunarstofu
- 14% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 52% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 82% notuðu bankaþjónustu.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu til þjónustuaðila í Reykjanesbæ nýttu að meðaltali:

- lögfræðiþjónustu í 4,8 skipti
- bókhalds-og endurskoðunarstofu í 4,6 skipti
- fasteignasölu í 2,5 skipti
- tryggingafélag í 2,3 skipti
- bankaþjónustu í 10,3 skipti.



MYND 23. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda sóttu fjármálaþjónustuna sem spurt var um til þjónustuaðila í Reykjanesbæ. Um 33% þátttakenda sóttu lögfræðiþjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og 6% sóttu síðast þjónustu tryggingafélags og bankaþjónustu á netið (mynd 23).

## Sérvörverslun

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um :


- 58% fóru í gjafavörverslun/blómabúð
- 39% fóru í símaverslun
- 35% fóru í húsgagnaverslun
- 50% fóru í raftækjaverslun
- 75% fóru í byggingavörverslun
- 53% fóru í skóverslun
- 68% fóru í fataverslun
- 59% fóru í bókaverslun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað þjónustu sérvörverslana? Þátttakendur sem notuðu þjónustu fyrirtækja í Reykjanesbæ fóru að meðaltali í:

- 3,6 skipti í gjafavörverslun
- 2 skipti í símaverslun
- 2,4 skipti í húsgagnaverslun
- 3,6 skipti í raftækjaverslun
- 10,8 skipti í byggingavörverslun
- 2,2 skipti í skóverslun

- 5,9 skipti í fataverslun
- 4,4 skipti í bókaverslun.



MYND 24. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda notaði síðast þjónustu byggingavörverslunar eða 87%, 74% þjónustu bókaverslunar og 73% þjónustu gjafavörverslunar/blómabúðar í Reykjanesbæ. Meirihluti eða 57% verslaði síðast í símaverslun, 85% í húsgagnaverslun, 50% í raftækjaverslun og 47% í fataverslun hjá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Um 17% þátttakenda fóru síðast í fataverslun og 19% í skóverslun erlendis (mynd 24).

## Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og nýttu afþreyingu sem spurt var um:

- 19% fóru á listsýningu
- 47% fóru á tónleika
- 36% fóru í leikhús
- 71% fóru á veitingahús
- 60% fóru í kvikmyndahús.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað þjónustuna? Þátttakendur sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu í Reykjanesbæ fóru að meðaltali í:

- 3,1 skipti á listsýningu
- 2,8 skipti á tónleika
- 3,6 skipti í leikhús
- 6,5 skipti á veitingahús
- 4,3 skipti í kvikmyndahús.



MYND 25. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÐFREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti fór síðast á listsýningu eða 79% þátttakenda, 45% fóru í kvikmyndahús, 31% á tónleika, 26% veitingahús og 13% í leikhús í Reykjanesbæ (mynd 25).


Niðurstöður benda til þess að íbúar í Reykjanesbæ séu líklegri til að fara í kvikmyndahús, á veitingahús, í leikhús og á tónleika á höfuðborgarsvæðinu en í Reykjanesbæ.



## Grindavíkurbær

Þann 1. janúar 2017 voru 2.268 manns á aldrinum 18-80 ára, 1.087 konur og 1.181 karl í sveitarfélaginu. Alls tóku 285 manns þátt í könnuninni eða um 12,5% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


### Þjónustusókn



MYND 26. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í GRINDAVÍKURBÆ.

Þátttakendur búsettir í Grindavík sóttu um 42% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Grindavík og um 38% þjónustunnar var sótt til höfuðborgarsvæðisins (mynd 26).

### Þjónustueinkunn



MYND 27. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í GRINDAVÍKURBÆ.

Um 43% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn en hlutfallslega flestir gáfu þjónustunni í Grindavíkurbæ sæmilega einkunn eða 48% (mynd 27).

## Algeng þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:


- 93% fóru í lágvöruverðsverslun
- 53% fóru í dagvörverslun
- 69% fóru í apótek
- 58% fóru í bakarí
- 40% fóru í vínbúð
- 18% fóru á almenningsbókasafn
- 22% fóru í líkamsrækt
- 36% fóru í sund
- 68% fóru á skyndibitastað og 88 % tóku eldsneyti.

## Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu? Þeir sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana í Grindavík fóru að meðaltali í:

- 11,3 skipti í lágvöruverðsverslun
- 4,5 skipti í dagvörverslun
- 1,8 skipti í apótek
- 3,2 skipti í bakarí
- 2,4 skipti í vínbúð
- 2,4 skipti á almenningsbókasafn

- 11,3 skipti í líkamsrækt
- 5,3 skipti í sund
- tóku eldsneyti í 3,8 skipti.



MYND 28. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Í meginatriðum sóttu þátttakendur búsettir í Grindavíkurbæ algenga þjónusta til fyrirtækja og stofnana í Grindavík. En könnunin leiddi jafnframt í ljós að 57% þátttakenda fóru síðast í dagvörverslun, 37% á skyndibitastað og 27% tóku eldsneyti á höfuðborgarsvæðinu (mynd 28). Niðurstöður benda til þess að íbúar í Grindavíkurbæ séu líklegri til að sækja algenga þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en til Reykjanesbæjar.

## Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 12% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 67% fóru á pósthús
- 34% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til stofnana í Grindavík nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 4,9 skipti
- pósthjónustu í 9,1 skipti
- þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 3 skipti.



MYND 29. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda sótti síðast pósthjónustu eða 97% og 51% fóru á skrifstofu sýslumanns/Tryggingastofnunar í Grindavík. Afgerandi meirihluti notaði síðast þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eða 66% (mynd 29).

## Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 8% notuðu lögfræðiþjónustu
- 19% notuðu þjónustu bókhalds-og endurskoðunarstofu
- 17% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 56% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 83% notuðu bankaþjónustu.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu til þjónustuaðila í Grindavík nýttu að meðaltali:

- bókhalds-og endurskoðunarstofu í 3,4 skipti
- fasteignasölu í 1,9 skipti
- tryggingafélag í 2,4 skipti
- bankaþjónustu í 10,7 skipti.



MYND 30. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda sótti síðast bankaþjónustu, þjónustu tryggingafélags og fasteignasölu til þjónustuaðila í Grindavík. Um 74% þátttakenda sóttu lögfræðiþjónustu og 47% þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 30).

## Sérvörverslun


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 64% fóru í gjafavörverslun/blómabúð
- 38% fóru í símaverslun
- 36% fóru í húsgagnaverslun
- 49% fóru í raftækjaverslun
- 60% fóru í byggingavörverslun
- 44% fóru í skóverslun
- 62% fóru í fataverslun
- 28% fóru í bókaverslun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað þjónustu sérvörverslana? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja í Grindavík fóru að meðaltali í:

- 4,4 skipti í gjafavörverslun/blómabúð
- 2,3 skipti í skóverslun
- 6 skipti í fataverslun.



MYND 31. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.

Meirihluti þátttakenda sótti þjónustu gjafavörverslunar til þjónustuaðila í Grindavík. Um 15% versluðu síðast í fataverslun og 4% í skóverslun í Grindavík. Meirihluti verslaði síðast í sérvörverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Þá fóru 33% síðast í skóverslun og 26% í fataverslun erlendis (mynd 31).

## Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og nýttu afþreyingu sem spurt var um:

- 6% fóru á listsýningu
- 40% fóru á tónleika
- 30% fóru í leikhús
- 70% fóru á veitingahús
- 52% fóru í kvikmyndahús.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi þjónustu? Þátttakendur sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu í Grindavík fóru að meðaltali í:

- 2,7 skipti á listsýningu
- 2,2 skipti á tónleika
- 6,5 skipti á veitingahús.




**MYND 32. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÞFREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Meirihluti þátttakenda fór síðast á tónleika og allir fóru í leikhús á höfuðborgarsvæðinu. Um 42% þátttakenda fóru á listsýningu í Grindavík og 42% á höfuðborgarsvæðinu. Þá fóru 15% á veitingahús og 4% á tónleika erlendis (mynd 32).

## Sandgerðisbær

Þann 1. janúar 2017 voru 1.250 íbúar á aldrinum 18-80 ára í Sandgerðisbæ, þar af 568 konur og 682 karlar. Alls tóku 175 manns þátt í könnuninni eða um 14% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


### Þjónustusókn



MYND 33. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í SANDGERÐISBÆ.

Þátttakendur búsettir í Sandgerðisbæ sóttu rúmlega 54% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Reykjanesbæ, um 27% til Reykjavíkur og 12% til Sandgerðis (mynd 33).

### Þjónustueinkunn



MYND 34. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í SANDGERÐISBÆ.

Um 31% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn en flestir gáfu þjónustunni í Sandgerðisbæ sæmilega einkunn eða 44% (mynd 34).

## Algeng þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 92% fóru í lágvöruverðsverslun
- 79% fóru í dagvöruverslun
- 68% fóru í apótek
- 40% fóru í bakarí
- 40% fóru í vínbúð
- 28% fóru á almenningubókasafn
- 29% fóru í líkamsrækt
- 42% fóru í sund
- 65% fóru á skyndibitastað
- 85% tóku eldsneyti.

## Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú þjónustuna? Þeir sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana í Sandgerði fóru að meðaltali í:

- 6 skipti í dagvöruverslun
- 2,2 skipti á almenningubókasafn
- 11,3 skipti í líkamsrækt
- 2,7 skipti í sund
- og tóku eldsneyti í 3,1 skipti.



MYND 35. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.


Um 74% þátttakenda fóru síðast í dagvöruverslun, 52% tóku eldsneyti, 68% fóru á almenningubókasafns, 81% fóru í sund og 65% í líkamsrækt í Sandgerði. En afgerandi meirihluti fór í lágvöruverðsverslun, apótek, bakarí og vínbúð í Reykjanesbæ. Um 12% fóru í dagvöruverslun og 10% tóku eldsneyti hjá þjónustuaðilum á höfuðborgarsvæðinu (mynd 35).



## Opinber þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 14% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 62% fóru á pósthús
- 38% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.




MYND 36. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi meirihluti nýtti síðast pósthjónustu, og þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í Reykjanesbæ. Um 49% þátttakenda nýttu síðast þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og 23% sóttu þjónustuna til þjónustuaðila í Reykjanesbæ (mynd 36).

## Fjármálaþjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 6% notuðu lögfræðiþjónustu
- 19% notuðu þjónustu bókhalds-og endurskoðunarstofu
- 20% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 52% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 79% notuðu bankaþjónustu.



MYND 37. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi meirihluti sótti síðast bankaþjónustu, þjónustu tryggingafélags og fasteignasölu til þjónustuaðila í Reykjanesbæ (mynd 37).

## Sérvöruverslun


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 49% fóru í gjafavöruverslun/blómabúð
- 38% fóru í símaverslun
- 39% fóru í húsgagnaverslun
- 60% fóru í raftækjaverslun
- 68% fóru í byggingavöruverslun
- 51% fóru í skóverslun
- 71% fóru í fataverslun
- 45% fóru í bókaverslun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað þjónustu sérvöruverslana? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja í Sandgerði fóru að meðaltali í:

- 1,7 skipti í gjafavöruverslun/blómabúð.




MYND 38. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRUVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUADILA.

Þátttakendur búsettir í Sandgerðisbæ sóttu þjónustu sérvöruverslana í meira mæli til höfuðborgarsvæðisins en til Reykjanesbæjar með þeirri undantekningu að meirihluti fór síðast í byggingavöruverslun og gjafavöruverslun í Reykjanesbæ. Um 18% þátttakenda versluðu síðast fatnað og skó á netinu. Um 6% versluðu síðast í gjafavöruverslun/blómabúð í Sandgerði (mynd 38).

## Menning og afþreying

Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og nýttu afþreyingu sem spurt var um:

- 88% fóru á listsýningu
- 35% fóru á tónleika
- 30% fóru í leikhús
- 65% fóru á veitingahús
- 55% fóru í kvikmyndahús.




MYND 39. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AFÞREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda í Sandgerðisbæ sótti menningarviðburði og afþreyingu til höfuðborgarsvæðisins og/eða til Reykjanesbæjar. Um 13% fóru síðast á veitingahús erlendis og 2% í Garði (mynd 39).

## Sveitarfélagið Garður

Þann 1. janúar 2017 bjuggu 1.103 einstaklingar á aldrinum 18-80 ára í sveitarfélaginu, 568 konur og 682 karlar. Alls tóku 150 manns þátt í könnuninni eða 13,6% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


### Þjónustusókn



MYND 40. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í SVEITARFÉLAGINU GARÐI.

Þátttakendur búsettir í Sveitarfélaginu Garði sóttu rúmlega 57% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Reykjanesbæ, um 27% til höfuðborgarsvæðisins og 11% til þjónustuaðila í Garði (mynd 40).

### Þjónustueinkunn



MYND 41. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í SVEITARFÉLAGINU GARÐI.

Um 38% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn og sama hlutfall gaf þjónustunni sæmilega einkunn, en um 24% þátttakenda gáfu þjónustunni lága einkunn (mynd 41).

## Algeng þjónusta


### Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:

- 91% fóru í lágvöruverðsverslun
- 71% fóru í dagvöruverslun
- 72% fóru í apótek
- 34% fóru í bakarí
- 50% fóru í vínbúð
- 20% fóru á almenningsbókasafn
- 34% fóru í líkamsrækt
- 39% fóru í sund
- 59% fóru á skyndibitastað
- 88% tóku eldsneyti.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú þjónustuna? Þeir sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana í Garði fóru að meðaltali í:

- 5,6 skipti í dagvöruverslun
- 2,3 skipti á almenningsbókasafn
- 8,3 skipti í líkamsrækt
- 7,2 skipti í sund
- tóku eldsneyti í 3,1 skipti.




MYND 42. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Um 71% þátttakenda fóru síðast í dagvöruverslun, 27% tóku eldsneyti, 70% fóru á almenningsbókasafn, 77% fóru í sund og 73% í líkamsrækt í Garði. En afgerandi meirihluti fór í lágvöruverðsverslun, apótek, bakarí og vínbúð í Reykjanesbæ. Um 10% tóku eldsneyti og 10% fóru í bakarí hjá þjónustuaðilum á höfuðborgarsvæðinu (mynd 42).

## Opinber þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 11% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 71% fóru á pósthús
- 44% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.




MYND 43. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir nýttu síðast pósthús og skrifstofu sýslumanns/Tryggingastofnunar í Reykjanesbæ. Um 73% þátttakenda nýttu síðast þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og 19% sóttu þjónustuna til þjónustuaðila í Reykjanesbæ (mynd 43).

## Fjármálaþjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 4% notuðu lögfræðiþjónustu
- 13% notuðu þjónustu bókhalds-og endurskoðunarstofu
- 20% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 58% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 85% notuðu bankaþjónustu.




MYND 44. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir þátttakenda sóttu síðast bankaþjónustu, þjónustu tryggingafélags, fasteignasölu og þjónustu bókhalds-og endurskoðunarstofu til þjónustuaðila í Reykjanesbæ. Um 70% þátttakenda sóttu lögfræðiþjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 44).

## Sérsvöruverslun

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 49% fóru í gjafavöruverslun/blómabúð
- 36% fóru í símaverslun
- 28% fóru í húsgagnaverslun
- 51% fóru í raftækjaverslun
- 74% fóru í byggingavöruverslun
- 36% fóru í skóverslun
- 59% fóru í fataverslun
- 48% fóru í bókaverslun.



MYND 45. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRUVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.

Flestir fóru síðast í gjafavöruverslun/blómabúð, byggingavöruverslun, skóverslun og bókaverslun í Reykjanesbæ. En flestir fóru síðast í húsgagnaverslun, fataverslun, símaverslun og raftækjaverslun á höfuðborgarsvæðinu. Um 19% þátttakenda fóru síðast í fataverslun og 20% í skóverslun erlendis (mynd 45).

## Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og nýttu afþreyingu sem spurt var um:

- 90% fóru á listsýningu
- 40% fóru á tónleika
- 36% fóru í leikhús
- 67% fóru á veitingahús
- 57% fóru í kvikmyndahús.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað þjónustuna? Þátttakendur sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu á búsetusvæðinu fóru að meðaltali í:

- 1,7 skipti á listsýningu
- 2,5 skipti á tónleika
- 4,5 skipti á veitingahús.



MYND 46. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NÝTTU AÞPREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.


Meirihluti fór síðast á tónleika, í leikhús og á veitingastað á höfuðborgarsvæðinu. En 47% þátttakenda fóru síðast í kvikmyndahús í Reykjanesbæ (mynd 46).



## Sveitarfélagið Vogar

Þann 1. janúar 2017 voru 861 einstaklingur á aldrinum 18-80 ára í sveitarfélaginu, þar af 411 konur og 450 karlar. Alls tóku 160 manns þátt í könnuninni eða um 18,6% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


### Þjónustusókn



MYND 47. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í SVEITARFÉLAGINU VOGI.

Þátttakendur búsettir í Sveitarfélaginu Vogum sóttu um 55% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á höfuðborgarsvæðinu, rúmlega 30% til Reykjanesbæjar og 8% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Vogum (mynd 47).

### Þjónustueinkunn



MYND 48. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í SVEITARFÉLAGINU VOGI.

Um 22% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn, 41% sæmilega einkunn, en 37% þátttakenda gáfu þjónustunni lága einkunn (mynd 48).

## Algeng þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu sem spurt var um:


- 88% fóru í lágvöruverðsverslun
- 56% fóru í dagvöruverslun
- 68% fóru í apótek
- 34% fóru í bakarí
- 51% fóru í vínbúð
- 9% fóru á almenningubókasafn
- 18% fóru í líkamsrækt
- 35% fóru í sund
- 67% fóru á skyndibitastað
- 88% tóku eldsneyti.

## Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu? Þeir sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana í Vogum fóru að meðaltali í:

- 5,8 skipti í dagvöruverslun
- 1,7 skipti á almenningubókasafn
- 4,9 skipti í líkamsrækt
- 7,2 skipti í sund
- 2,6 skipti á skyndibitastað

- tóku eldsneyti í 5,9 skipti.




MYND 49. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi meirihluti svarenda fór síðast í sund, líkamsrækt og á almenningubókasafn í Vogum. Meirihluti fór síðast í lágvöruverðsverslun eða 64%, 56% þátttakenda fóru í apótek, 58% í bakarí og 55% í vínbúð í Reykjanesbæ. Þá fóru 53% í dagvöruverslun, 50% tóku eldsneyti og 47% fóru á skyndibitastað hjá þjónustuaðilum á höfuðborgarsvæðinu (mynd 49). Afgerandi meirihluti þátttakenda sótti einkarekna þjónustu út fyrir búsetusvæðið.

## Opinber þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 14% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 59% fóru á pósthús
- 35% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.




MYND 50. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi meirihluti sótti pósthjónustu og þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar til þjónustuaðila í Reykjanesbæ. Um 73% þátttakenda notuðu síðast þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð á höfuðborgarsvæðinu og 19% sóttu þjónustuna til þjónustuaðila í Reykjanesbæ (mynd 50).

## Fjármálaþjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu fjármálaþjónustuna sem spurt var um:

- 7% notuðu lögfræðiþjónustu
- 20% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 18% þjónustu fasteignasölu
- 56% þjónustu tryggingafélags
- 79% bankaþjónustu.




MYND 51. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir þátttakenda sóttu síðast bankaþjónustu og þjónustu tryggingafélags til þjónustuaðila í Reykjanesbæ. Meirihluti sótti lögfræðiþjónustu, þjónustu fasteignasölu og bókhalds- og endurskoðunarstofu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 51).

## Sérvörverslun

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 46% fóru í gjafavörverslun/blómabúð
- 35% fóru í símaverslun
- 30% fóru í húsgagnaverslun
- 60% fóru í raftækjaverslun
- 72% fóru í byggingavörverslun
- 47% fóru í skóverslun
- 65% fóru í fataverslun
- 42% fóru í bókaverslun.




MYND 52. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA SEM FÓRU Í SÉRVÖRVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.

Þátttakendur sóttu nánast alla þjónustu sérvörverslana til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. En 39% þátttakenda sóttu þjónustu til byggingavörverslunar í Reykjanesbæ. Um 28% þátttakenda fóru síðast í skóverslun og 20% í fataverslun erlendis (mynd 52).

## Menning og afþreying

Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og nýttu afþreyingu:

- 7% fóru á listsýningu
- 39% fóru á tónleika
- 32% fóru í leikhús
- 65% fóru á veitingahús
- 51% fóru í kvikmyndahús.



MYND 53. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AFÞREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Afgerandi meirihluti sótti síðast menningarviðburði og afþreyingu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. Þá fóru 14% þátttakenda síðast á veitingahús og 7% á tónleika erlendis (mynd 53).


Orðaskýið veitir yfirsýn yfir svör þátttakenda við opinni spurningu um þjónustu sem þeir sóttu út fyrir búsetusvæði sitt og ekki var spurt um í könnuninni.



MYND 54. ÞJÓNUSTA SEM OFTAST ER NEFND ER MEST ÁBERANDI Í ORÐASKÝINU.

Orðskýið gefur til kynna að Costco var oftast nefnt en þátttakendur nefndu ýmsa þjónustu sem þeir sóttu út fyrir búsetusvæði sitt (mynd 51).

Í þjónustukönnuninni var spurt: Ertu með Costco aðild? Um 90% þátttakenda eða 1.056 svöruðu spurningunni.



MYND 55. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA SEM VORU MEÐ COSTCO AÐILDARKORT OG ÞEIRRA SEM VORU EKKI MEÐ AÐILDARKORT.

Af þeim sem tóku afstöðu voru 74% með aðildarkort, flestir með einstaklingsaðild (mynd 52).